

Veitur ohf
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík 30. maí 2018
UST201805-134/G.G.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Bláfjallafólkvangur

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Önnu Nielsen fyrir hönd Veitna ohf. dags. 14. maí 2018, vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan Bláfjallafólkvangs. Fyrirhugað er að hefja framkvæmdir seinni hluta júnímánaðar og verður þeim lokið haustið 2018.

Bláfjallafólkvangur var stofnaður árið 1985 sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 173/1985. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Veitur ohf. hyggjast leggja nýjan háspennustreng og ljósleiðara frá Sandskeiði að skíðasvæðinu í Bláfjöllum. Núverandi raforkuflutningur að svæðinu er um eldri loftlínu sem liggur austan Bláfjallavegar. Um er að ræða plægingu á 12 kV háspennustreng og ljósleiðara. Á nokkrum stöðum á leiðinni verður að grafa fyrir strengjum og fylla ofan á svo sem í beygju við Eldborg (við skíðasvæði FRAM). Þaðan verður farið í átt að neysluvatnsdælu fyrir Bláfjallasvæðið. Síðan verður grafið ofan af fráveitulögn sem þarna liggur frá Bláfjallasvæðinu og strengur/ljósleiðari lagðir í skurðinn að spennistöð við Kóngsgil (skammt frá Bláfjallaskála).

Tilgangur framkvæmdar er að leysa núverandi háspennulínu af hólmi en borið hefur á tíðum bilunum og rafmagnstruflunum vegna ísingar og annarra slæmra veðurskilyrða sem dregið hefur verulega úr afhendingaröryggi raforku á svæðið. Viðgerðir hafa auk þess átt sér stað við erfiðar aðstæður sem hefur haft óþarfa hættu í för með sér auk umferðar vinnuvéla en svæðið sem um ræðir er á grannavæði og fjarsvæði vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins.

Alls er lengd strengsins og ljósleiðara um 11,6 km.

Með umsókninni fylgja eftirfarandi gögn:

- Yfirlitsmynd lagnaleiðar, plægt og grafið
- Mynd af lagnaleið grafins strengs
- Útboðsteikningar

Samkvæmt umsókn Veitna var framkvæmdin tilkynnt til ákvörðunar á matsskyldu skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir og telur Skipulagsstofnun framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

Önnur leyfi sem sótt verður um vegna framkvæmdar:

- Framkvæmdaleyfi til Kópavogsbæjar
- Samráð verður haft við forsætisráðuneytið vegna framkvæmdaleyfis þar sem framkvæmdasvæðið er innan skilgreindra þjóðlenda
- Tímabundið starfsleyfi heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Leyfi Vegagerðarinnar vegna staðsetningar strengja í vegðxl

Áhrifamat:

Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan Bláfjallafólkvangs er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. auglýsingu um fólkvanginn, nr. 173/1985.

Samkvæmt framlögðum gögnum er stór hluti þeirrar leiðar sem farið verður um á áður röskuðu svæði vegna vegagerðar og ýmissa framkvæmda tengdum skíðaiðkun í Bláfjöllum. Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé þess gætt að vanda til verka við frágang.

Til verndar náttúrufari er mikilvægt að komið verði í veg fyrir olíumengun á svæðinu, bæði meðan á framkvæmdum stendur og til frambúðar. Mikilvægt er að komið sé í veg fyrir að olíumengun berist frá vinnuvélum.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu háspennustrengs og ljósleiðara frá Sandskeiði að skíðasvæðinu í Bláfjöllum í Bláfjallafólkvangi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar með a.m.k. viku fyrirvara áður en framkvæmdir hefjast og þegar þeim lýkur.
- Þar sem farið er um áður óraskað svæði skal haga legu leiðarinnar með þeim hætti að rask af völdum framkvæmdarinnar verði minnkað eins og kostur er.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Gæta skal sérstaklega að mengunarvörnum véla og tækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Komi til mengunaróhapps á framkvæmdatíma t.d. leki hvers konar vökva frá vinnuvélum skal Umhverfisstofnun upplýst um það.
- Þess skal gætt að öllu raski við framkvæmdirnar verði haldið í lágmarki og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt að verki loknu.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Þess skal gætt að ekki verði truflun á dýralífi og fornminjum skal ekki raskað.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Umhverfisstofnun beinir þeim tilmælum til framkvæmdaraðila að halda akstri utan vega á grundvelli 2. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga í lágmarki.

Leyfisgjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Gjaldið er 39.400 krónur.

Virðingarfyllst,



Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri



Þórdís V. Bragadóttir
sérfræðingur

